

Ágúst Einarsson, deildarforseti

Ræða á 1. ársfundi Viðskipta- og hagfræðeildar 11. febrúar 2003 í Hátíðarsal Háskóla Íslands

Fundarstjóri og ágætu gestir

Það er mér sérstök ánægja að bjóða ykkur velkomin til þessa fyrsta ársfundar Viðskipta- og hagfræðeildar. Tilgangurinn er að kynna ykkur hvað við erum að gera en þið eruð öll á einn eða annan hátt samstarfsaðilar deildarinnar.

Í Viðskipta- og hagfræðeild stunda nám um 1.400 nemendur en 8.000 nemendur eru í Háskóla Íslands. Það hefur orðið gífurleg fjölgun nemenda síðustu ár. Í grunnnámi er kennt til BA og BS gráðu í hagfræði og viðskiptafræði og til Cand. oecon gráðu í endurskoðun og reikningshaldi. Um 1.100 nemendur eru í grunnnámi og um 200 manns í rannsóknatengdu framhaldsnámi, þ.e. meistaranámi, auk 50 nemenda í MBA. Fjöldi nemenda í deildinni hefur tvöfaldast síðustu 10 ár og meirihluti nemenda okkar eru konur. Fastir kennarar deildarinnar eru nú 30 talsins en fyrir 5 árum voru þeir 20. Auk þess leggjum við upp úr því að hafa stundakennara úr atvinnulífinu sem miðla þekkingu og reynslu.

Meistaranámið er tiltölulega nýtt hjá okkur. Nú eigum við að líta á fyrstu háskólagráðuna eins og stúdentsprófið fyrir 20 árum og landsprófið fyrir 40 árum. Almenn menntun er og verður að aukast. Við hvetjum nemendur til að huga vel að annarri háskólagráðu til að standast samkeppni framtíðarinnar. Við hófum MBA nám fyrir rúmum 2 árum við mjög góðar undirtektir. Meistaranám í mannauðsstjórnun byrjaði síðasta haust og næsta haust hefst meistaranám í heilsuhagfræði. Mjög brýnt er að fá faglega umfjöllun hérlendis um heilbrigðismál með auknum rannsóknum

og betri menntun. Miklir fjármunir eru í húfi og við viljum leggja gott til málanna með vel menntuðu fólki.

Stofnanir deildarinnar, Hagfræðistofnun og Viðskiptafræðistofnun, eru vel þekktar. Hagfræðistofnun nýtur mikils álits og er kölluð til ráðgjafar í flestum mikilvægum málum sem snúa að hagrænni umræðu. Kennarar okkar eru hvattir til að vera virkir í þjóðfélagssumræðunni, miðla þekkingu sinni og stundum skoðunum, ekki alltaf við góðar undirtektir, en við tökum þá skyldu okkar alvarlega að vera virk í samfélaginu.

Við njótum stuðnings víða en það sem hefur glatt mest og komið best að gagni síðustu ár er höfðinglegur styrkur Gunnars Björgvinssonar athafnamanns í Lichtenstein sem hefur styrkt deildina með samtals 27 milljón kr. framlagi síðustu 3 ár til að örva kennslu og rannsóknir í frumkvöðlafræðum. Það hefur gengið mjög vel. Nokkrar bækur hafa verið gefnar út og sú verðlaunaafhending sem fram fer hér á eftir með stuðningi Búnaðarbankans vegna viðskiptahugmynda nemenda er sprottin af þessu starfi. Mörg fyrirtæki láta vinna verkefni í tengslum við deildina, t.d. erum við með samstarfssamning við embætti Ríkisskattstjóra, og nemendur eru óþreytandi að halda uppi góðum samskiptum við fyrirtæki og stofnanir. Félag löggiltra endurskoðenda og félagsmenn þess eru nánir samstarfsaðilar og félagið hefur stofnað sjóð til að styðja fólk í framhaldsnámi í endurskoðun og reikningshaldi, sem er nauðsynlegt og til fyrirmyndar. Það er lofsvert þegar athafnamenn og fyrirtæki styðja vel við háskóladeildir. Það er sá stuðningur sem lengst varir.

Fjármál deildarinnar eru ekki mjög umfangsmikil. Áætlun fyrir þetta ár er upp á 270 milljónir og þarf af eru launaútgjöld um 80%. Deildin var vel innan fjárhagsramma í fyrra og er sú eina af ellefu deildum Háskólans sem það gildir um. Okkur bráðvantar að vísu skrifstofur og kennslustofur, meira fé og fleiri vel menntaða kennara en nokkuð hefur unnist í þessum eignum undanfarin ár.

Samkeppni hefur aukist á sumum af þeim sviðum sem við kennum og við fögnum því. Nú erum við í samkeppni um nemendur við háskólana á Akureyri, Bifröst og í Reykjavík. Þetta er hollt og kemur öllum vel. Ríkisvaldið fjármagnar megnið af skólakennslu hérlendis, líka í öllum þessum skólum, og það eina sem við viljum er að samkeppnin sé á jafnréttisgrundvelli. Svo er ekki þar sem ríkið greiðir það sama til allra háskóla vegna kennslu en skólar sem eru reknir sem sjálfseignarstofnanir hafa heimild til skólagjalda. Háskóli Íslands hefur ekki mótað stefnu gagnvart skólagjöldum en mín skoðun er sú að grunnnám í háskólum hérlendis sé verkefni almannavaldsins eins og gildir um grunn- og framhaldsskóla, en eðlilegt sé að háskóladeildir hafi heimild til að leggja á skólagjöld í framhaldsnámi. Þetta tengist því sem ég nefndi áðan að fyrsta háskólagráða sé almenn menntun sem almannavaldið á að tryggja jafnan aðgang að eins og gildir um framhaldskólana núna. Ég tel fyrstu háskólagráðu nú jafngilda framhaldskólaprófi fyrir 20 árum.

Það hefur verið sýnt fram á, meðal annars af kennurum deildarinnar á alþjóðavettvangi, að aukin menntun eykur hagsæld og bætir lífskjör verulega. Það er eðlilegt fyrir háskólafólk að menntamál séu forgangsverkefni en sú sannfæring þarf að ríkja í öllum stjórnmalaflokkum að til menntamála þurfi að verja meiri orku og fjármunum öllum til framdráttar og slíkt eigi ekki að vera ágreiningsefni. Sókn í menntamálum má líkja við útfærslu landhelginnar á síðustu öld. Aukin menntun er hin nýja landhelgi okkar og við stöndumst ekki í heimi framtíðarinnar nema við höfum aðgang að vel menntuðu fólki alveg eins og við hefðum ekki getað byggt upp þetta góða samfélag nema að öðlast full yfirráð yfir auðlindum hafsins. Það er alltaf einhver staðar barátta og ekkert kemur af sjálfu sér og engum er það betur ljóst en háskólakennurum og háskólanemum.

Við deildina er kennt, rannsakað, veitt þjónusta og fræðsla eins og markmið Háskólans segja til um. Við erum hluti af stærri heild en

auðvitað er 1.400 manna háskóladeild ekkert annað en stór skóli. Þannig eru fáir framhalds- eða grunnskólar stærri en deildin okkar. Háskóli Íslands er samfélag upp á 10.000 manns og það slagar upp í stærstu bæi eins og Kópavog, Hafnarfjörð og Akureyri. Það tengjast fleiri Háskóla Íslands beint en búa á Vestfjörðum eða á Norðurlandi-vestra. Háskóli Íslands er langstærsta stofnun landsins. Stjórn slíks risasamfélags er ekki auðveld. Innan Háskólans hafa þær hugmyndir verið ræddar að deildir yrðu sjálfstæðar innan háskólasamfélagsins, t.d. að Viðskipta- og hagfræðideild væri rekin sem sjálfseignarstofnun undir regnhlíf Háskólans, eða að Háskólanum yrði skipt upp í 4 skóla eftir fræðisviðum. Stjórnkerfi skólans er þunglamalegt, sem er ekki óeðlilegt vegna stærðar. Einnig er launakerfi opinberra starfsmanna og skiplag á opinberum vinnumarkaði staðnað og ósveigjanlegt og stendur okkur fyrir þrifum. Það eiga engar heilagar kýr að vera í umræðu um málefni háskóla.

Deildin hefur lagt sérstaka áherslu á útgáfumál og hér verður á eftir opnað hið nýja vísindatímarit deildarinnar. Við höfum einnig hafið útgáfu kennslurita á íslensku. Við teljum brýnt að efla útgáfu fræðibóka á íslensku en enskan er orðin tungumál vísindanna og hefur ýtt mörgum öðrum heimstungumálum til hliðar. Við verðum að standa vörð um íslenskuna og þess vegna er útgáfa á íslensku mjög mikilvægur þáttur í starfi okkar.

Rannsóknir hafa aukist við deildina og margt er gert í þeim efnum. Deildin er í miðjum hóp innan Háskólans. Við erum í 5. sæti í heildarrannsóknum og í 5 sæti í meðalafköstum. Rannsóknafköst á hvern kennara eru mest í lyfjafræðideild. Heimspekideild er með mestar heildarrannsóknir enda með flesta kennara. Við höfum sett okkur töluleg markmið í rannsóknum og ætlum að bæta okkur þótt staða okkar sé ágæt. Ég held að slík markmiðssetning sé nýlunda innan háskólasamfélagsins. Það eru óteljandi verkefni í vísindarannsóknum hérlendis sem tengjast íslenskum aðstæðum.

Netið er skylduverkfæri allra nemenda og kennara við deildina. Mjög fjölmenn námskeið í upphafi náms há okkur nokkuð en reynt er að bæta það með fámennari dæmahópum. Einn af kennurum deildarinnar, Stefán Svavarsson, fékk í fyrra verðlaun Háskólans fyrir afburðaárangur í kennslu. Við kennum nú 10 námskeið á ensku í grunnnámi og erum með marga erlenda skiptinemendur. Einnig eru örfáir í doktorsnámi við deildina, sem er vitaskuld í samstarfi við erlenda háskóla. Við vonumst eftir því að fyrsti doktorinn útskrifist frá deildinni á næsta ári

Við leggjum meiri áherslur á ráðstefnur en áður og í sumar verður haldin í fyrsta skipi hérlendis alþjóðleg ráðstefna norrænna viðskiptafræðinga en gert er ráð fyrir að um 700 vísindamenn alls staðar í heiminum komi til landsins vegna hennar. Í næstu viku verður ráðstefa í félagsvísindum, samstarfsverkefni Félagsvísindadeildar, Viðskipta- og hagfræðideildar og Lagadeildar og þar verða fluttir 150 vísindafyrirlestrar. Þetta er langstærsta ráðstefna í félagsvísindum sem hefur verið haldin hérlendis.

Stofnað hefur verið Hollvinafélag deildarinnar sem styður vel við bakið á okkur. Samtökin fjármagna til dæmis rafrænan tímaritagrunn en rafrænar áskriftir Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns er mjög merkilegt framtak safnsins og stjórnvalda síðustu ár. Gamlir nemendur hafa sýnt deildinni ræktarsemi og færðu henni málverk af fyrrum prófessorum, þeim Ólafi Björnssyni og Guðlaugi Þorvaldssyni. Við fáum margar heimsóknir frá erlendum fræðimönnum og höldum þá oft fundi sem eru auglýstir opinberlega.

Ég hef þá ánægju að tilkynna hér að í boði Háskóla Íslands, Viðskipta- og hagfræðideildar, Rannsóknafamlags bankanna og Háskólans á Akureyri kemur hingað til lands í lok næsta mánaðar prófessor Vernon Smith sem hlaut Nóbelsverðlaunin í hagfræði í fyrra. Prófessor Smith mun halda opinberan fyrirlestur í þessum sal.

Háskólar eru alþjóðlegustu stofnanir heimsins og hafa alltaf verið það. Þar blása nýir vindar og þar er uppspretta framfara. Við höfum flutt út þekkingu, ekki aðeins með þátttöku í hinu alþjóðlega vísindasamfélagi, heldur eru nokkrir kennarar okkar starfandi um lengri eða skemmri tíma við erlenda háskóla og sumir í föstum stöðum þar. Einnig koma til deildarinnar árlega erlendir háskólakennarar á vegum EFTA til sérstaks námskeiðahalds á meistarastigi þannig að fleira skapar gjaldeyrir en þorskur og ál.

Yfirskrift þessa fundar er spurningin “Fer viðskiptasiðferði hrakandi?”. Agnes Bragadóttir blaðamaður mun fjalla um það í ræðu hér á eftir. Breytingar í viðskiptalífinu hafa verið örar. Við verðum að tryggja gegnsæi og trúverðugleika í öllum viðskiptum. Viðskipti eru ekki einkamál fyrirtækja, forstjóra, stjórnarmanna, eigenda eða neytenda, heldur er lífsafkoma og lífeyrir landsmanna bundin í þessu umhverfi. Við viljum örva fjárfestingar hér, líka útlendinga, og þá gildir orðsporið allt. Við sjáum í Bandaríkjunum hvernig fyrirtæki hafa beitt vísvitandi blekkingum og með því rúið heilu atvinnugreinarnar öllu trausti. Hér þýðir ekki að hrópa alltaf á eftirlit og regluverk heldur snýst þetta líka um hugarfar og vinnubrögð. Við kennum hér við deildina að mannorð í viðskiptum sé dýrmætasta eignin sem fólk fer með héðan út í atvinnulífið. Það vill stundum gleymast, en glatað eða flekkað mannorð vinna menn varla nokkurn tímann aftur, síst af öllu í fámennu landi eins og okkar. Ég veit sjálfur ekki svarið við þessari spurningu sem við spyrjum, en í háskóla er spurning alltaf fyrsta skrefið til framfara.

Góðir áheyrendur.

Viðskipta- og hagfræðideild á sér þá framtíðarsýn að vera áfram öflugur þátttakandi í háskólasamfélaginu, koma nemendum til nokkurs þroska, leggja til vandaðar rannsóknir á alþjóðavísu og vera virkur þátttakandi í atvinnulífinu. Við viljum að nemendur okkar muni árin sín hér með ánægju og að deildin sé sambærileg að

gæðum og algengast er í næstu löndum. Til að þetta takist þurfum við stuðning ykkar.

Þakka ykkur fyrir.